

2013

Ársskýrsla Vesturlandsskóga



Vesturlandsskógar

Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes



Vesturlandsskógar

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Fjárveitingar.....	3
Stjórn og starfsfólk Vesturlandsskóga	3
Nýr framkvæmdarstjóri Vesturlandsskóga.....	3
Það helsta úr starfinu 2013	4
Samningar við bændur	4
Framleiðendur	4
Dreifingarstöðvar.....	4
Veðurfar.....	4
Kortlagning og áætlanagerð	4
Fyrirlestrar, námskeið, fundir, ráðstefnur	4
Samstarf við Landgræðsluna	5
Árangursstjórnunarsamningur	5
Kraftmeiri skógur	5
Heimasíða	5
Skógræktarframkvæmdir	6
Skjólbeltaframkvæmdir	7
Kveðja frá Vesturlandsskógum	8
Viðaukar	9
Fundargerðir.....	9
Ársreikningar	17

Inngangur

Fjórtaða starfsár Vesturlandsskóga byrjaði ágætlega,

Þetta ár, fjórtaða starfsár Vesturlandsskóga var einkennilegt ár á margan hátt hjá Vesturlandsskógum. Framkvæmdarstjóri verkefnisins Sigvaldi Ásgeirsson varð bráðkvaddur á heimili sínu í byrjun mars. Var þá höggið stórt skarð í hóp skógræktarfólks. Í framhaldinu lagðist mikið á herðar starfsmanns verkefnisins Guðmundar Sigurðssonar sem hélt um taumana ásamt stjórn þar til nýr framkvæmdarstjóri var ráðinn. Nýr framkvæmdarstjóri hóf störf í júní byrjun.

Veturinn fór vel með plöntur þó vorið hafi verið kalt og sumarið rigningsamt. Gróðursetning á vegum Vesturlandsskóga hófst í lok maí. Rúmlega 320 þúsund plöntur voru gróðursettar og skiptist gróðursetningin nokkurn vegin jafnt í vor og haustgróðursetningu. Vegna gegndarlausra þurrka undanfarin sumur á Vesturlandi hafa skógarbændur verið að færa sig í auknu mæli yfir í haustplöntun. Hins vegar varð sumarið vætumeira en mörg undanfarin sumur og má því ætla að gróðursetningar þessa árs hafi heppnast vel.

Fjárveitingar

Fjárveitingar til Vesturlandsskóga á árinu námu 50,1 milljónum króna en árið áður hafði fjárveitingin verið 50,4 milljónir.

Stjórn og starfsfólk Vesturlandsskóga

Stjórn Vesturlandsskóga tók nokkrum breytingum á árinu. Sem fyrr var Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður og Þórarinn Svavarsson tilnefndur af Félagi skógarbænda á Vesturlandi (FsV). Arnlín Óladóttir sem tilnefnd hafði verið af Skógrækt ríkisins hætti í stjórn en í hennar stað kom Sigríður Júlía Brynleifsdóttir inni stjórn í marsmánuði. Þegar auglýst var eftir nýjum framkvæmdarstjóra, vék Sigríður Júlía úr stjórn þar sem hún sótti um starfið, Arnór Snorrason var skipaður til bráðabirgða í hennar stað. Valdimar Reynisson tók sæti í stjórn fyrir hönd Skógræktar ríkisins síðsumars.

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir var ráðin í 80% starf til áramóta en eftir það í 100% starf. Guðmundur Sigurðsson var í 50% og Hraundís Guðmundsdóttir var í 100% starfi í tvo mánuði.



Starfsfólk Vesturlandsskóga frá vinstri: Hraundís, Sigríður Júlía og Guðmundur

Nýr framkvæmdarstjóri Vesturlandsskóga

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir hóf störf í júní byrjun, hún er starfi Vesturlandsskóga ekki ókunnug þar sem hún starfaði sem svæðisstjóri árin 2004–2009. Sigríður Júlía er fædd á Akureyri 1974, dóttir Brynleifs Siglaugssonar og Önnu Stefánsdóttir skógarbænda á Steinhólum í Skagafirði. Sigríður Júlía er búfræðingur og lauk háskólanámi í landnýtingu frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri. Eftir fimm ár í starfi hjá Vesturlandsskógum fór hún í framhaldsnám til Noregs þar sem hún lauk meistaraþrófi í skógræði frá norska lífvisindaháskólanum á Ási. Þegar heim var komið, sumarið 2011, hóf hún störf

sem héraðsfulltrúi Landgræðslu ríkisins á Vesturlandi og Vestfjörðum. Sigríður Júlía er gift Hauki Þórðarsyni og á tvo syni, Stefán Snæ og Þórð Loga, fjölskyldan býr í Borgarnesi. Sigríður Júlía er formaður Skógræktarfélags Borgarfjarðar og situr í varastjórn Skógræktarfélags Íslands.

Það helsta úr starfinu 2013

Samningar við bændur

Enginn nýr skógræktarsamningur var gerður á árinu. Það er hins vegar mikill áhugi á þátttöku og í lok árs 2013 voru 15 umsóknir á borði Vesturlandsskóga. Það er ljóst að til að koma til móts við þann áhuga sem ríkir á skógrækt þarf að fjárveitingavaldið að auka fjárheimildir til verkefnisins.

Framleiðendur

Árið 2013 voru keyptar plöntur af sex framleiðendum, það voru: Álmur, Barri, Dilksnes, Furubrún, Lágafell og Sólskogar. Auk þess voru keyptir stiklingar af einum aðila.

Dreifingarstöðvar

Dreifingarstöðvarnar voru fjórar; Erpsstaðir í Dölum, Lágafell í Eyja- og Miklaholtshreppi, Reitur í Reykholtsdal og Hafnarsel í Hvalfjarðarsveit.

Veðurfar

Tíðarfar var lengst af hagstætt, óvenjuleg hlýindi voru fyrstu tvo mánuði ársins og var vorið nokkuð hagstætt fyrir utan kuldatíð í apríl. Sumarið var óhagstætt um landið vestanvert, með þrálátri úrkomu og fáum sólardögum, rigningin kom sér þó vel fyrir gróðurinn. Kalt var í september og tíð óhagstæð en október var óvenju þurr og vindar hægir. Síðan kom nóvember sem var nokkuð umhleyppingasamur.

Kortlagning og áætlanagerð

Ein ný áætlun var unnin á árinu, fyrir jörðina Skógarkot í Andakíl. Samningur við Skógarkot hafði verið undirritaður á árinu 2012 en ekki gengið frá áætlun það ár.

Fyrirlestrar, námskeið, fundir, ráðstefnur

Samband íslenskra sveitarfélaga hélt málþing um gróðurelda í Borgarnesi í janúar, Sigvaldi og Guðmundur sóttu það. Vegna fráfalls Sigvalda framkvæmdarstjóra fór enginn frá Vesturlandsskógum á Fagráðstefnu skógræktar sem haldin var á Hallormsstað í marsmánuði. Málþing um brunavarnir í skógi var haldið á Grand Hótel í júníbyrjun, Sigríður Júlía og Guðmundur sóttu það en vinnuhópur er í gangi um gerð brunavarnaáætlana í skógum, þar sem m.a. er verið að samræma merkingar og upplýsingar sem setja þarf á kort með áætlunum. Í október sóttu Guðmundur og Sigríður Júlía þemadag Skógræktarfélags Reykjavíkur en þar var fjallað um ræktun jólatrjáa. Framkvæmdarstjóri skrifaði pistil í „Við skógareigendur“. Sigríður Júlía var skipuð fulltrúi Landshlutaverkefnana í fagráð skógræktar. Skipað er í fagráðið til þriggja ára. Fagráði er ætlað að fjalla um áherslur og stefnumörkun í skógræktarrannsóknnum, fara yfir og samþykkja verkefnaáætlun Rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá, samræmingu skógræktarstarfsins, skipulag fræðflunar, stefnumörkun er varðar úrvinnslu skógarafurða og önnur mál sem ráðherra kann að fela fagráðinu. Fyrsti fundur fagráðs var haldinn á Mógilsá í desember.

Sú hefð hefur skapast að Félag skógarbænda á Vesturlandi bjóði til skógargöngu á stofndegi þess þann 23. júní. Þetta árið var hist á Rauðkollsstöðum í Eyja- og Miklaholtshrepp, þar sem gengið var um skógræktina og skjólbelti skoðuð. Endað var í heljarinnar hamborgaraveislu í hesthúsinu.

Sigurður Ingi Jóhannsson umhverfis og auðlindaráðherra heimsótti Vesturlandsskóga í ágústmánuði ásamt fríðu föruneyti til að fræðast um og kynnst umfangi starfsseminnar.

Í septemberbyrjun tók starfsfólk Vesturlandsskóga á móti starfsfólki annarra landshlutaverkefna í heimsókn, farið var í skoðunarferð og farið í heimsóknir á nokkra bæi í Dalasýslu.

Samstarf við Landgræðsluna

Gerður var samningur milli Landgræðu ríkisins og Vesturlandsskóga lagður um samstarf milli stofnananna. Samþykkt var um mitt ár að fara í samstarf við Landgræðsluna sem yrði endurskoðað um haustið og var framkvæmdarstjóri að þeim ástæðum einungis í 80% starfi hjá Vesturlandsskógum og í 20% starfi hjá Landgræðslunni. Sá tími sem þetta var prófað hafði ekki þau samlegðar áhrif eins og gert var ráð fyrir og því var samstarfinu slitið í árslok.

Árangursstjórnunarsamningur

Árangursstjórnunarsamningur milli Vesturlandsskóga og Umhverfis- og auðlindaráðuneytis var undirritaður á árinu en í honum eru tilgreindar gagnkvæmar skyldur aðila samningsins við útfærslur á lögbundnu hlutverki stofnunarinnar.

Kraftmeiri skógur

Kraftmeiri skógur er fræðsluverkefni sem Landssamtök skógareigenda (LSE) er aðili að ásamt landbúnaðarháskólanum en það byggir á verkefninu Kraftsamlig skog í Svíþjóð. Þessu verkefni er ætlað að ná til sem flestra skógareigenda á Íslandi með almennri fræðslu, heimsóknum, útgáfu á kennslufni, virkri heimasíðu og endurmenntun ýmiskonar. Bókin Skógarauðlindin er afurð þessa verkefnis en hún er þýdd og staðfærð en um tuttugu sérfræðingar tóku þátt í því. Undirbúningur að stofnun leshópa fór í gang en ekki tókst að byrja með þá á árinu en miklar væntingar gerðar til ársins 2014. Sá liður í verkefninu Kraftmeiri skógur sem unnið var mest í af hálfu Vesturlandsskóga á árinu 2013 voru heimsóknir til skógarbænda. Hraundís Guðmundsdóttir skógfræðingur hélt utan um þann þátt og heimsótti 25 skógarbændur og tók við þá viðtöl með forskrift frá verkefnisstjórn. Lagt var upp með samtal skógareigenda og fagaðila þar sem lögð var áhersla á skóginn sem fjölskyldufyrirtæki sem hlúa þarf að. Farið var yfir stöðu skógræktar hjá viðkomandi bónda og málin rædd. Þetta mæltist vel fyrir hjá þeim bændum sem fengu slíka heimsókn.


Heimasíða

Ný heimasíða www.skogarbondi.is var komið á laggirnar en þar eru LSE og öll landshlutaverkefnin sameinuð á einni heimasíðu. Vonast aðstandendur síðunnar til að hún auðveldi skógareigendum og öðrum aðgengi að upplýsingum.

Skógræktarframkvæmdir

Samtals eru nytjaskógræktarsamningar Vesturlandsskóga 110 talsins, af þeim var unnið að gróðursetningum hjá sextíu þátttakendum og er áætlað að gróðursett hafi verið í 107 ha á árinu 2013. Vorgróðursetningar drógust óþarflega langt fram á sumar en dreifingarstöðvar voru tæmdar endanlega 10. júlí, það er markmið verkefnisins að bæta þetta. Haustgróðursetningar gengu mun betur og voru allar plöntur komnar í jörð í októberbyrjun. Samtals voru gróðursettar 321.509 plöntur í nytjaskógrækt. Skipting eftir tegundum og fjöldi af hverri tegund eru í töflu og kökuriti hér fyrir neðan.


Stafafura	Bergfura	Sitkagreni	Ilmbjörk	Rauðgreni	Rússalerki	Hrymur	Evrópulerki	Ilmreynir	Sólber	Alaskaösp	Lensuvíðir
120.660	920	93.598	41.550	3.920	51.360	1.160	3.520	1.224	210	3.187	200



Skjólbeltaframkvæmdir

Plastlagðir voru 5700 metrar til skjólbeltagerðar en í allt fóru liðlega 10.698 plöntur í ný skjólbelti (á fjórum býlum) og til íbóta í eldri belti (á ellefu býlum). Skipting eftir tegundum og fjöldi af hverri tegund eru í töflu og kökuriti hér fyrir neðan.

Sólber	Ilmreynir	Jörfavíðir	Oddur guli	Viðja	Körfuvíðir	Lensuvíðir	Alaskaösp	Sitkagreni	Aðrar tegundir
490	288	3085	463	1190	690	700	4369	648	320



Kveðja frá Vesturlandsskógum

(minningargrein um Sigvalda Ásgeirsson sem birtist í Morgunblaðinu)

Fallinn er frá langt um aldur fram Sigvaldi Ásgeirsson framkvæmdastjóri Vesturlandsskóga og skógarbóndi á Vilmundarstöðum í Reykholtssdal í Borgarfirði, en hann varð bráðkvaddur á heimili sínu 9. marz s.l. Sigvaldi var skógfræðingur að mennt og starfaði framan af starfsævi sinni lengst af hjá Skjógrækt ríkisins. Árið 1992 kaupir hann jörðina Vilmundarstaði í Reykholtssdal og hóf þar fljótlega skógrækt. Þegar landshlutaverkefnið í skógrækt, Vesturlandsskógar, var stofnað í byrjun árs árið 2000 var Sigvaldi ráðinn framkvæmdastjóri og gegndi því starfi til dauðadags. Árið 1995 var stofnað félag skógarbænda á Vesturlandi og var Sigvaldi valinn sem fyrsti formaður félagsins. Hann lét síðan af því starfi þegar hann var ráðinn til Vesturlandsskóga. Á Vilmundarstöðum auðnaðist honum að láta brot drauma sinna um skógivaxið Ísland rætast,- land sem hann sjálfur tók í fóstur, hlúði að og ræktaði. Þar er nú óðum að koma í ljós vöxtulegur skógur sem mun um ókomna tíð bera stórhug hans og hugsjónum fagurt vitni.

Sigvaldi var um margt sérstæður og minnisverður persónuleiki. Hann var ekki allra,- hann lét ekki berast með strauinum, en fór gjarnan eigin leiðir og fetaði ótrauður ótroðnar slóðir í lífinu, kjarkmikill og einarður,-sumum var það stundum til ama en öðrum til uppörvunar og ánægju. Hann var greindur maður, víðlesinn, stálminnugur og fróður, og þessir eiginleikar hans nutu sín ekki hvað síst á ferðalögum skógræktarfólks bæði innanlands og erlendis. Í hópferðum sat Sigvaldi oft löngum við hljóðnemann og jós af sagnabrunni sínum ferðafélögum til fróðleiks og skemmtunar. Vesturlandsskógar sjá nú á bak góðum starfsmanni og við stjórnarmenn stofnunarinnar og starfsmenn söknum góðs félaga og vinar. Eins og flestir sem falla frá langt um aldur fram átti Sigvaldi miklu verki ólokið. Hann var kraftmikill hugsjóna- og baráttumaður og beinn þátttakandi í því viðamikla og tímabæra verkefni að gera Ísland gróðursælla og byggilegra en verið hefur seinustu aldirnar. Vonandi verða verk hans og hugsjónir okkur eftirlifendum hvatnig til að halda merki ræktunarmannsins á lofti um ókomna tíð. Aðstandendum hans vottum við einlæga samúð.

Stjórn og starfsmenn Vesturlandsskóga

Viðaukar

Fundargerðir

51.stjórnarfundur Vesturlandsskóga haldinn að Hvanneyrargötu 3, 11. Mars, 2013 fundur settur kl. 14.00.

Mættir : Guðbrandur Brynjúlfsson formaður, stjórnarmennirnir Þórarinn Svavarsson og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir. Guðmundur Sigurðsson, sem jafnframt skrifaði fundargerð.

Í upphafi fundar stóðu fundarmenn upp og vottuð Sigvalda virðingu sína. Sigvaldi varð bráðkvaddur á heimili sínu 9. mars s.l.

1. Guðbrandur bauð Sigríði Júlíu Brynleifsdóttur velkomna í stjórn Vesturlandsskóga en Arnlín gekk úr stjórninni eftir að hún varð starfsmaður Skjólskóga.
2. Fundargerð 50. fundar lögð fram og samþykkt.
3. Samþykkt var að Guðmundur Sigurðsson fengi prókúru fyrir Vesturlandsskóga og annaðist bókhald og önnur störf fyrir Vesturlandsskóga þar til annað verði ákveðið. Sigríður Júlía verður Guðmundi til aðstoðar ef þörf krefur.
4. Samþykkt var að auglýsa eftir framkvæmdastjóra. Guðmundi falið að undirbúa auglýsingu.
5. Önnur mál. Ákveðið var að fresta málum sem Sigvaldi hafði undirbúið fyrir fundinn til næsta fundar s.s. rekstraráætlun og reiknireglu um úthlutun plantna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.30

Guðmundur Sigurðsson fundarritari.

52.stjórnarfundur Vesturlandsskóga haldinn að Hvanneyrargötu 3, 16. apríl, 2013.

Mættir : Guðbrandur Brynjúlfsson formaður, stjórnarmennirnir Þórarinn Svavarsson og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir. Guðmundur Sigurðsson, sem jafnframt skrifaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Kynntir samningar við plöntuframleiðendur fyrir árin 2014-2016 sem búið er að semja um.

Samningar um plöntukaup 2014-2016

	Barri	Sólskógar	Furubrúin	Álmur	Samt.
2013 vor					
2013 haust		52000			52000
2014 vor	54000	84000	17500	24000	179500
2014 haust	16000			12000	28000
2015 vor	54000	84000	17500	24000	179500
2015 haust	16000	52000		12000	80000
2016 vor	54000	84000	17500	24000	179500
2016 haust	16000	72000		12000	100000

3. Rekstaráætlun lögð fram, samþykkt af Umhverfis- og auðlindarráðuneytinu. Framlag á fjárlögum er kr. 50.100.000 kr Tilfærslur eru áætlaðar kr. 33.370.000. Til ráðstöfunar frá fyrra ári kr. 1.200.000.
4. Samþykkt var að kaupa plöntur frá Barra alls 15 þúsund plöntur. Um er að ræða bergfuru, rauðgreni og sitkagreni.
5. Þórarinn sagði frá ferð til Svíþjóðar þar sem hann var á námskeiði á vegum Kraftmeiri skóga ásamt öðrum fulltrúum landshlutaverkefnanna í skógrækt. Gert er ráð fyrir að komið verði á leshringjum meðal skógarbænda og settir upp sýnisskógar hjá skógarbændum. Tveir hópar verða í hverjum landshluta og munu Jón Zimsen og Þórainn Svavarsson verða hópstjórar á Vesturlandi.
6. Lagt fram bréf frá Landgræðslu ríkisins um hugsanlegt samstarf Vesturlandsskóga og Héraðssetur Landgræðslunnar á Vesturlandi.

Fleira ekki gert

Guðmundur Sigurðsson fundarritari.

53. Fundur stjórnar Vesturlandsskóga

Stjórnarfundur var haldinn á skrifstofu Vesturlandsskóga á Hvanneyri þann 29. apríl 2013.

Efni fundarins var einungis eitt:

Ráðning framkvæmdarstjóra Vesturlandsskóga í framhaldi af auglýsingu þ.a.l.

Fundur var settur 12.30. Mættir voru á fundinn; formaður Guðbrandur Brynjúlfsson, fulltrúi félags skógarbænda Þórarinn Svavarsson og fulltrúi Skógræktar ríkisins Arnór Snorrason settur til bráðbirgða vegna vanhæfni skipaðs fulltrúa Sigríðar Júlíu Brynleifsdóttur.

Í upphafi fundar lagði Arnór fram afrit af bréfi frá Umhverfis- og auðlindarráðuneyti um tímabundna skipun hans í stjórn Vesturlandsskóga til að fjalla um ráðningu framkvæmdarstjóra Vesturlandsskóga.

Í upphafi fundar kom fram að um starf framkvæmdarstjóra sóttu átta manns. Þar af voru sjö sem höfðu tilskilda skógfræðimenntun. Dagskrá fundarins var að taka viðtal við þá umsækjendur. Þeir mættu til viðtals í þessari röð:

1. Benjamín Örn Davíðsson
2. Sigríður Júlía Brynleifsdóttir
3. Jón Ragnar Örlygsson
4. Hraundís Guðmundsdóttir
5. Friðrik Aspelund
6. Valdimar Reynisson
7. Páll Sigurðsson (Viðtal í gegnum tölvusíma)

Af loknum viðtölum og umræðum ákvað stjórnin að afla meiri upplýsinga um þá umsækjendur sem helst koma til greina. Ákveðið var að halda símafund strax næsta dag og sjá þá hvort hægt væri að taka ákvörðum um val á umsækjenda eða hvort þurfi að afla enn meiri upplýsinga.

Fundi var slitið 17.00.

Fundargerð ritaði Arnór Snorrason.

54. Fundur stjórnar Vesturlandsskóga

Stjórnarfundur var haldinn í síma þann 30. apríl 2013.

Efni fundarins var:

Ákvörðun um val á framkvæmdarstjóra Vesturlandsskóga í framhaldi af viðtölum við umsækjendur.

Fundur var settur 13.00. Mættir voru á fundinn; formaður Guðbrandur Brynjúlfsson, fulltrúi félags skógarbænda Þórarinn Svavarsson og fulltrúi Skógræktar ríkisins Arnór Snorrason. Fundurinn var framhaldsfundur stjórnarfundis frá deginum áður.

Eftir að hafa farið yfir upplýsingar sem aflað var um þá umsækjendur sem helst komu til greina ákvað stjórnin einróma að ganga til samninga við Sigríði Júlíu Brynleifsdóttur um ráðningu í starf framkvæmdarstjóra Vesturlandsskóga. Formaður stjórnar tilkynnir Sigríði þessa ákvörðun símleiðis. Áframhaldandi starf stjórnar varðandi þetta verkefni fer eftir viðbrögðum hennar.

Fundi var slitið 13.30.

Fundargerð ritaði Arnór Snorrason.

55.stjórnarfundur Vesturlandsskóga haldinn að Hvanneyrargötu 3, 6. maí, 2013.

Mættir: Guðbrandur Brynjúlfsson formaður, stjórnarmennirnir Þórarinn Svavarsson og Arnór Snorrason ásamt Sigríður Júlía Brynleifsdóttir. Guðmundur Sigurðsson, sem jafnframt skrifaði fundargerð.

1. Fundargerð 51, 52, 53 og 54. fundar samþykkt.
2. Sigríður Júlía var boðið á fundinn og samþykkti hún að taka við starfi framkvæmdarstjóra Vesturlandsskóga. Stjórnin setur þann fyrirvara á ráðningunni að Sigríður ljúki mastersnámi sínu í skógræði við UMB fyrir 1. september.
3. Formanni falið að ganga frá ráðningarsamningi við Sigríði.

Fleira ekki gert

Guðmundur Sigurðsson fundarritari

56. fundur stjórnar Vesturlandsskóga

Haldinn að Hvanneyrargötu 3, Hvanneyri 3.7.2013

Dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram.
2. Afgreiðsla bréfs frá Landgræðslu ríkisins um hugsanlegt samstarf við Vesturlandsskóga dagsett 10. apríl 2013.
3. Yfirlit yfir stöðu plöntusamninga.
4. Önnur mál.

Til fundar voru mætt : stjórnarmennirnir Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður, Þórarinn Svavarsson og Valdimar Reynisson, starfsmenn Vesturlandsskóga þau Sigríður Júlía Brynleifsdóttir og Guðmundur Sigurðsson sem skrifaði fundargerð.

Fundur hófst kl. 10.00

1. Formaður bauð nýjan stjórnarmann Valdimar Reynisson velkominn til starfa.
2. Fundargerð 55 fundar lögð fram og samþykkt.
3. Samningur milli Landgræðu ríkisins og Vesturlandsskóga lagður fram um samstarf milli stofnananna. Samþykkt að fara í samstarf við Landgræðsluna sem yrði endurskoðað í haust. Starfslýsingar lagðar fram til kynningar.
4. Sigríður lagði fram yfirlit yfir stöðu plöntusamninga árána 2014-2017. Áætlað er að kaupa 280 þúsund plöntur á árinu 2014. Um næstu áramót verður metið hvort hægt verði að gera viðbótar samninga um frekari kaup á plöntum.
5. Önnur mál. Sigríður sagði frá árangursstjórnunarsamningi sem hún hefur undirritað fyrir hönd Vesturlandsskóga, allar stofnanir Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins hafa undirritað slíkan samning. Valdimar spurði hvort eitthvað mælti gegn því að hann sem stjórnarmaður í Vesturlandsskógum tæki að sér gróðursetningar fyrir bændur á svæði Vesturlandsskóga. Fundarmenn töldu það ekki vera.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi sl. kl 11.45

57. fundur stjórnar Vesturlandsskóga

Haldinn að Hvanneyrargötu 3, Hvanneyri 2.12 2013

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Yfirlit yfir gróðursetningar ársins
3. Fyrstu drög að verkefna og rekstraráætlun 2014
4. Samskipti við ráðuneyti
 - a. Vinna við gerð reglugerðar um LHV
 - b. Vinna vegna stefnu ríkisstjórnarinnar og tillögur hagræðingarhóps
5. Önnur mál

Til fundar voru mætt: Stjórnarmennirnir Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður, Þórarinn Svavarsson og Valdimar Reynisson, starfsmenn Vesturlandsskóga þau Sigríður Júlía Brynleifsdóttir framkvæmdastjóri og Guðmundur Sigurðsson sem skrifaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. Yfirlit yfir gróðursetningar ársins. Gróðursett var um 330 þúsund plöntur. Hluti af lerkiplöntunum voru lélegar en ekki talinn ástæða til að taka þær úr umferð þar sem í flestum tilvika stóðust þær staðal. Ástæða er að gera verkplan með dreifingarstöðvunum t.d. að leggja til plastdúk og áburðarblandara. Varðandi reksturinn þá bendir allt til að endar nái saman fyrir yfirstandandi ár.
3. Drög að verkefna og- rekstraráætlun. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir tillögum að rekstraráætlun ársins 2014. Gert er ráð fyrir að framlag frá ríki uppá 50.6 miljónir og að gróðursettar verði um 280 þúsund plöntur. Einnig fór framkvæmdastjóri yfir verkefnaáætlun fyrir árið 2014. Fyrir liggur að leggja út kvæmatilraun með stafafuru í samstarfi við Rsr, á tveimur stöðum á Vesturlandi. Vesturlandsskógar kosta útplöntun. Sigríður Júlía situr í fagræði skógræktar sem fulltrúi landshlutaverkefnanna. Gert er ráð fyrir að landshlutaverkefnin leggi til framlag til rannsókna á sviði skógræktar. Upplýsingarbæklingur um skógrækt er í vinnslu á vegum verkefnanna. Vesturlandsskógar stefna að taka upp nýjan framlagsgrunn sem og önnur landshlutaverkefni. Þessi grunnur kemur til með að leysa eldra kerfi af hólmi sem hefur byggst á excel utanumhaldi. Áætlað er að gera eitt uppgjör á ári. Unnar verða nýjar verklagsreglur við úthlutun plantna og varðandi úttektir. Framkvæmdastjóri taldi þörf á að fá starfsmann í 50 % starf.

Stjórnin samþykkti að heimila framkvæmdastjóra að ráða starfsmann í 50 % starf, ef forsendur fjárlaga heimila.

4. Framkvæmdastjóri sagði frá fundi forstöðumanna stofnana á vegum Umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Unnið er að greiningu verkefna stofnanana. Sigríður Júlía hefur ásamt öðrum framkvæmdastjórum landshlutaverkefnanna og ráðuneytismönnum unnið að nýrri reglugerð um landshlutaverkefnin.
5. Önnur mál:

a: Guðbrandur gerði grein fyrir að samstarf við Landgræðsluna ríkisins yrði ekki eins og um var rætt á síðasta fundi, þar sem ekki er að sjá að þau samlegðar áhrif náist eins og gert var ráð fyrir.

b: Samþykkt var að Sigríður Júlía yrði í 100 % starfi frá 1. jan. 2014 stað 80 %

c: Lagt fram erindisbréf framkvæmdastjóra.

d: Stefnt að ársskýslugerð 2013 og 2012 verði lokið fyrir 1. apríl. n.k.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðmundur Sigurðsson fundarritari

Ársreikningar

Vesturlandsskógar
14-253

Rekstrarreikningur

	Reikningur 2013	Reikningur 2012	Fjárheimildir 2013
Tekjur			
Sértekjur	182.468	147.546	0
Markaðar tekjur	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur	0	0	0
Tekjur samtals	182.468	147.546	0
Gjöld			
Almennur rekstur	49.202.782	54.017.106	50.100.000
101 Vesturlandsskógar	49.202.782	54.017.106	50.100.000
Gjöld samtals	49.202.782	54.017.106	50.100.000
Tekjur umfram gjöld	-49.020.314	-53.869.560	-50.100.000
Framlag úr ríkissjóði	50.100.000	50.400.000	50.100.000
Hagnaður/tap ársins	1.079.686	-3.469.560	0

Vesturlandsskógar
14-253

Efnahagsreikningur

Eignir	Reikningur 31.12.2013	Reikningur 31.12.2012
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir	0	0
Langtímakröfur	0	0
Fastafjármunir samtals	0	0
Veltufjármunir		
Vörubirgðir	0	0
Inneign hjá ríkissjóði	442.388	139.384
Skammtímalán	0	0
Skammtímakröfur aðrar	17.392.424	16.323.209
Handbært fé	369.509	3.017.200
Veltufjármunir samtals	18.204.321	19.479.793
Eignir samtals	18.204.321	19.479.793
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun	1.280.171	4.749.731
Breyting v/lokafjálaga	0	0
Hagnaður/tap ársins	1.079.686	-3.469.560
Höfuðstóll í árslok	2.359.857	1.280.171
Annað eigið fé		
Bundið eigið fé	0	0
Fraglag til eignamyndunar	0	0
Annað eigið fé samtals	0	0
Eigið fé í árslok	2.359.857	1.280.171
Langtímaskuldir		
Tekin löng lán	0	0
Langtímaskuldir samtals	0	0
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikningum	0	0
Skuld við ríkissjóð	0	0
Skammtímalántökur	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	15.844.464	18.199.622
Skammtímaskuldir samtals	15.844.464	18.199.622
Skuldir samtals	15.844.464	18.199.622
Skuldir og eigið fé samtals	18.204.321	19.479.793

Sjóðstreymi

Vesturlandsskógar
14-253

	Reikningur 2013	Reikningur 2012
Hagnaður/tap ársins	1.079.686	-3.469.560
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda		
Breyting skammtímakrafna og birgða	-1.069.215	-7.332.918
Breyting skammtímaskulda	-2.355.158	12.856.465
Handbært fé frá rekstri	-2.344.687	2.053.987
Fjárfestingahreyfingar		
Veitt lán	0	0
Afborganir veittra lána	0	0
Endurmat veittra lána	0	0
Breyting á áhættufjármunum	0	0
Fjárfestingahreyfingar samtals	0	0
Fjármögnunarahreyfingar		
Framlag ríkissjóðs	-50.100.000	-50.400.000
Tekjur innheimtar af ríkissjóði	0	0
Greitt úr ríkissjóði	49.796.996	50.392.408
Markaðar tekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs	0	0
Tekin lán	0	0
Afborganir tekinna lána	0	0
Endurmat tekinna lána	0	0
Fjármögnunarahreyfingar samtals	-303.004	-7.592
Breyting á handbæru fé	-2.647.691	2.046.395
Handbært fé í ársbyrjun	3.017.200	970.805
Handbært fé, hreyfingar	-2.647.691	2.046.395
Handbært fé í árslok	369.509	3.017.200